

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Arneshvíkinga (SVÁ) haldinn á Teams þann 17. febrúar, kl. 14:30

---

### Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður*

*Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps*

*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*

*Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps*

*Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð*

*Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnáði.

---

Hér var gengið til dagskrár:

### **1. Úttekt á Skóla- og velferðarþjónustu.**

Á fundi stjórnar SVÁ þann 25. janúar sl. var formanni falið að kanna hvaða fagaðili væri best til þess fallinn að gera úttekt á starfsemi SVÁ, nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun þjónustunnar. Á fundinum var bókað að það væri mat stjórnar að tímabært væri að meta á þessum tímapunkti hvernig til hefur tekist.

Fyrir fundinum í dag liggja fyrir drög að verksamningi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Í samningnum er gert ráð fyrir að úttektin skiptist annars vegar í almenna úttekt á stjórnskipulagi, samskipta- og boðleiðum byggðasamlagsins og hins vegar í úttekt á verklagi og árangri skóla- og velferðarþjónustu. Miðað við gefnar forsendur er kostnaður við úttektina um 4,5 m.kr.

*Stjórn samþykkir verksamninginn í kjölfar umræðu á fundinum og felur formanni að undirrita hann með þeim breytingum sem ræddar voru. Kostnaður mun skiptast á sveitarfélögin með hlutfallslega sama hætti og annar kostnaður þjónustunnar.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55

